

MÓTUN HENDINGA Í LESTRI

(phrased text lesson)

Aldurshópur

Yngsta- og miðstig eða allir nemendur sem þurfa að bæta lestrarlag sitt.

Um aðferðina

Einn þáttur lesfíminnar er gott lestrarlag. Samkvæmt matsramma fyrir lestrarlag felur gott lestrarlag í sér blæbrigðaríka tjáningu, hæfilegan raddstyrk, gott flæði, eðlilegt hljómfall og viðeigandi skiptingu texta í hendingar sem styður við merkingu hans. Hendingar í lestri eiga sér hliðstæður í bragfræði og tónlist en þær afmarkast að mestu leyti af setningarliðum og greinarmerkjum í texta en við lestur er skiptingin gefin til kynna með réttu hljómfalli og hiki/þögnum á réttum stöðum. Þannig verður merking textans skýrari því merking hans liggur oft fremur í hendingum en einstökum orðum. Þrátt fyrir að sveigjanleiki við skiptingu texta í hendingar sé nokkur sýna rannsóknir að góðir lesarar móta hendingar við lestur á mjög svipaðan hátt eða með því að taka mið af hrynjandi talmálsins.

Þar sem rétt mótun hendinga við lestur skiptir miklu máli fyrir lesskilninginn er mikilvægt að huga að þessum þætti í lestrarkennslu, sérstaklega hjá nemendum sem þurfa að bæta lestrarlag sitt því þessi hæfni er ekki náttúruleg heldur áunnin hjá sumum nemendum.

Markmið aðferðar

- Að efla gott lestrarlag.
- Að efla lesskilning.
- Að bæta flæði lestrar.

Gögn

Texti sem búið er að skipta í hendingar og þarf hann að taka mið af getu og áhuga nemenda (sjá dæmi). Ljósritið eitt eintak á hvern nemanda.

Framkvæmd

Kennsla getur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópi.

Dagur 1

1. Afhendið hverjum nemanda ljósrit af textanum sem vinna á með.
2. Útskýrið fyrir nemanda/nemendum að til að fá gott flæði í lestrinum þá sé mikilvægt að lesa ávallt nokkur orð í samfellu í stað þess að lesa textann orð fyrir orð. Ekki sé hægt að fara eftir neinni reglu varðandi það hvaða orð lesist saman heldur komi það með æfingunni og þegar lesarar beini athygli sinni að því hvert innihald textans sé þá gefi það vísbendingar um hvaða orð lesist í samfellu.

3. Útskýrið hvernig þið hafið sett merkingar inn í æfingatextann og hvernig þær hjálpa til við réttan lestur. Eitt skástrik er sett þar sem koma á stutt hik/þögn á milli hendinga og tvö skástrik á eftir punkti þar sem kemur lengri þögn/öndunarhlé.
4. Lesið æfingatextann fyrir nemenda/nemendur og ýkið hendingarnar lítillega þannig að nemendur átti sig örugglega á hvað sé átt við. E.t.v. er gott að endurtaka þennan upplestur einu sinni eða tvisvar.
5. Lesið textann núna í kórlestri með nemanda/nemendum og leggið áherslu á hendingar og túlkun textans. Endurtakið tvisvar eða þrisvar.
6. Látið nemendur nú æfa sig með félagi, tvisvar til þrisvar með sama texta.
7. Nemendur lesa textann upphátt fyrir stærri hóp eða kennara.

Dagur 2

Endurtakið ferlið frá deginum áður með sama texta en nú án merkinganna! Með þessari endurtekningu ná nemendur að yfirfæra það sem þeir lærðu á hefðbundinn texta.

Athugasemd

Gott er að miða við 10-15 mínútur, tvo daga í röð, og síðan er ferlið endurtekið eins oft og þurfa þykir.

Dæmi um sögutexta sem búið er að skipta upp í hendingar (léttari)

Stelpan suðaði látlaust/ um að fá kött.// Pabbinn var á móti því/ að fá kött.// Mamman var ekki neitt sérstaklega hrifin/ af því að fá kött/ og bræður stelpunnar/ sögðust ekki vilja sjá/ neinn bévítans kött.// Stelpan sagði/ að hún ætti skilið að fá kött/ af því að það ættu allir/ ketti eða fiska/ eða hunda eða hamstra/ eða bara allt þetta,/ en hún ætti ekki neitt.// Svo sagði stelpan líka/ að Úlfhildur amma hennar/ hefði flutt til Svíþjóðar/ og því yrði hún að fá kisu/ í staðinn.// Mamman sagði þá/ að ekki væri rétt að skipta ömmu Úlfhildi/ út fyrir kisu/ en pabbinn sagði/ að þessi rök/ væru þau einu/ sem hann hefði heyrt af viti/ og hann væri alveg til í/ að taka tíu ketti inn á heimilið/ bara ef það væri öruggt/ að amma Úlfhildur/ kæmi aldrei aftur til Íslands.// En þeir yrðu þá/ að vera tíu.// Þá varð mamman/ alveg svakalega reið.// En stelpan grenjaði hátt/ og fékk á endanum kött.// Köttinn/ nefndi hún Petru Pott/ af því að á fyrsta degi/ hvarf kötturinn ofan í sláturpott heimilisins/ og skeit þar.

(Úr bókinni *Kattarsamsærið* eftir Guðmund S. Brynjólfsson)

Dæmi um fræðitexta sem búið er að skipta upp í hendingar (þyngri)

Margir koma til Íslands/ til að upplifa fallega náttúru.// En náttúran er ekki bara falleg.// Í henni er einnig að finna/ verðmætar náttúruauðlindir.// Náttúran gefur okkur mat,/ orku og hráefni/ til að búa til fjölmargt.// Helstu náttúruauðlindir Íslendinga/ eru fiskurinn í sjónum,/ vatnið í ánum sem við nýtum til að búa til rafmagn/ og jarðhitinn sem kemur upp úr jörðinni/ og við notum til að hita upp hús,/ sundlaugar/ og heita potta.// Einnig er náttúran sjálf auðlind/ sem ferðamenn koma í auknum mæli að skoða.// Maðurinn,/ með þekkingu sinni og hugviti,/ getur líka verið auðlind,/ mannauður. Sá/ sem kann að búa til verðmæti úr einhverju með þekkingu sinni/ getur skapað mikinn auð.//

(Úr bókinni *Ísland: Hér búum við* eftir Hilmar E. Sveinbjörnsson)

Dæmi um sögutexta sem búið er að skipta upp í hendingar (léttari)

Stelpan suðaði látlaust um að fá kött. Pabbinn var á móti því að fá kött. Mamman var ekki neitt sérstaklega hrifin af því að fá kött og bræður stelpunnar sögðust ekki vilja sjá neinn bévítans kött. Stelpan sagði að hún ætti skilið að fá kött af því að það ættu allir ketti eða fiska eða hunda eða hamstra eða bara allt þetta, en hún ætti ekki neitt. Svo sagði stelpan líka að Úlfhildur amma hennar hefði flutt til Svíþjóðar og því yrði hún að fá kisu í staðinn. Mamman sagði þá að ekki væri rétt að skipta ömmu Úlfhildi út fyrir kisu en pabbinn sagði að þessi rök væru þau einu sem hann hefði heyrt af viti og hann væri alveg til í að taka tíu ketti inn á heimilið bara ef það væri öruggt að amma Úlfhildur kæmi aldrei aftur til Íslands. En þeir yrðu þá að vera tíu. Þá varð mamman alveg svakalega reið. En stelpan grenjaði hátt og fékk á endanum kött. Köttinn nefndi hún Petru Pott af því að á fyrsta degi hvarf kötturinn ofan í sláturpott heimilisins og skeit þar.

(Úr bókinni *Kattarsamsærið* eftir Guðmund S. Brynjólfsson)

Dæmi um fræðitexta sem búið er að skipta upp í hendingar (þyngri)

Margir koma til Íslands til að upplifa fallega náttúru. En náttúran er ekki bara falleg. Í henni er einnig að finna verðmætar náttúruauðlindir. Náttúran gefur okkur mat, orku og hráefni til að búa til fjölmargt. Helstu náttúruauðlindir Íslendinga eru fiskurinn í sjónum, vatnið í ánum sem við nýtum til að búa til rafmagn og jarðhitinn sem kemur upp úr jörðinni og við notum til að hita upp hús, sundlaugar og heita potta. Einnig er náttúran sjálf auðlind sem ferðamenn koma í auknum mæli að skoða. Maðurinn, með þekkingu sinni og hugviti, getur líka verið auðlind, mannauður. Sá sem kann að búa til verðmæti úr einhverju með þekkingu sinni getur skapað mikinn auð.

(Úr bókinni *Ísland: Hér búum við* eftir Hilmar E. Sveinbjörnsson)